



# Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs fyrir árið 2021

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir

Póra Sigfríður Einarsdóttir

Domus Mentis Geðheilsustöð

Þverholti 14, 105 Reykjavík

[sigurbjorg@dmg.is](mailto:sigurbjorg@dmg.is)

839-9100

[www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is)



DOMUS MENTIS  
Geðheilsustöð

## Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs 2021

9. mars 2022

### Starf samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs stofnað

Lög um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019 tóku gildi 1. ágúst 2019 og heyrðu undir málefnasvið Mennta- og menningarmálaráðuneytis, nú Mennta- og barnamálaráðuneyti. Samkvæmt lögum er ráðherra viðeigandi málefnasviðs heimilt að fela þriðja aðila með samningi að sinna hlutverki samskiptaráðgjafa. Samningur var gerður við Domus Mentis Geðheilsustöð þann 13. janúar 2020 um að sinna starfsemi samskiptaráðgjafa.

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir starfandi samskiptaráðgjafi hefur sinnt starfinu frá því um mitt ár 2020. Sigurbjörg er klínískur sálfræðingur og sinnir starfinu í 80% starfshlutfalli. Þóra Sigríður Einarsdóttir framkvæmdastjóri Domus Mentis Geðheilsustöðvar er í 20% starfshlutfalli við tilfallandi verkefni.

### Lög um samskiptaráðgjafa og hlutverk hans

Samkvæmt lögum um samskiptaráðgjafa (nr.45/2019) eru helstu verkefni hans að:

- 1) Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
- 2) Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- 3) Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- 4) Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir þessi lög um fyrirbyggjandi aðgerðir.
- 5) Fylgjast með rannsóknum og þróun á verksviði samskiptaráðgjafa og koma upplýsingum á framfæri við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.

6) Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.

Fram kemur í lögum nr. 45/2019 að samskiptaráðgjafi er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Þó skal ráðgjafinn starfa samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 auk barnaverndarlaga nr. 80/2002.

### **Innri starfsemi samskiptaráðgjafa**

Áfram var unnið að innri verklagsreglum og starfslýsingu samskiptaráðgjafa á árinu 2021. Vinna við slíkt er í sífelldri endurskoðun þar sem um nýtt starf er að ræða.

### **Heimasíða samskiptaráðgjafa**

Heimasíða samskiptaráðgjafa veitir upplýsingar um starf og hlutverk ráðgjafans, hægt er að hafa samband eða senda þar inn tilkynningu. Auk þess er þar að finna fræðslu- og forvarnarefni. Heimasíðan er aðgengileg á íslensku og ensku.

Á árinu 2021 var lögð áhersla á að hafa síðunni lifandi og reglulega var nýju efni bætt við. Auk þess að hófst vinna við að sameina fræðsluefni sem þegar er til hjá hinum ýmsu íþróttar- og æskulýðsfélögum og stofnunum til birtingar á vef samskiptaráðgjafa. Sú vinna er enn í gangi.

### **Fundir**

Vikulega fundar málanefnd samskiptaráðgjafa varðandi þau mál sem hafa borist og hvernig er hægt að sinna þeim málum. Auk þess voru lengri vinnufundir haldnir með framkvæmdastjóra Domus Mentis Geðheilsustöðvar, 14. janúar, 7. apríl og 11. nóvember 2021. Tilgangur þessara vinnufunda hefur verið að móta starfið og vinna að innri verklagsreglum.

### **Símatími**

Í samningi ráðuneytis við Domus Mentis Geðheilsustöð var farið fram á reglulegan símatíma samskiptaráðgjafa. Símatími samskiptaráðgjafa er opinn alla þriðjudaga kl.10-11. Eitt erindi barst í gegnum símatíma á árinu 2021. Flest erindi virðast berast utan símatíma.



## **Kynningarmál**

Samskiptaráðgjafi sinnti fræðslu og upplýsingagjöf varðandi starfið hjá mismunandi stofnunum og félögum sem óskuðu eftir því. Þar má nefna kynningar fyrir Umboðsmann barna og Landsbjörgu auk ýmissa félaga, bandalaga og sérsambanda.

Samskiptaráðgjafi fór í kynningarferð um landið á árinu. Tilgangur kynninganna var að upplýsa íþróttar- og æskulýðsfélög um land allt, um starf samskiptaráðgjafa og hvernig hægt er að nýta þá þjónustu og aðstoð sem þar býðst. Á kynningunum voru þrjú málefni rædd, starf samskiptaráðgjafa, vinna við samræmingu viðbragðsáætlana var kynnt ásamt upplýsingum um skyldur íþróttar- og æskulýðssamtaka til að afla upplýsinga úr sakaskráum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða. Kynningarnar voru haldnar á 15 stöðum víðsvegar um landið og ein þeirra var send út í streymi sem náði til allt að 2000 manns.

## **Samstarf við aðildarfélög**

Starf samskiptaráðgjafa var viðbót við forvarnar- og fræðslustarf sem þegar var hafið á mismunandi stöðum innan íþróttar- og æskulýðshreyfinga. Hefur samtal og samstarf hafist og haldist milli samskiptaráðgjafa og annarra hreyfinga innan málaflokksins. Er það samstarf mikilvægt til þess að einfalda boðleiðir fyrir þá sem þurfa að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa. Þar að auki að sameina krafta þeirra sem hafa öryggi og velferð þátttakenda og starfsmanna í íþróttar- og æskulýðsstarfi að leiðarljósi.

## **Sértæk verkefni samskiptaráðgjafa á árinu 2021**

### Vinnuhópur viðbragðsáætlana

Eitt af lögbundnum hlutverkum samskiptaráðgjafa er að samræma viðbragðsáætlanir varðandi andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og sambærileg tilvik. Á árinu 2021 var stofnaður vinnuhópur sem samastendur af aðilum frá UMFÍ, Æskulýðsvettvanginum, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Landsbjörgu, Bandalagi íslenskra skáta, KFUM og KFUK, ÍSÍ og samskiptaráðgjafa. Vann vinnuhópurinn ötullega að því markmiði að samræma viðbragðsáætlanir fyrir íþróttar- og æskulýðssamtök landsins. Hópurinn hittist í átta sinnum frá 31. maí til 7. desember 2021. Vinnunni er ekki lokið en áætlað er að gefa út viðbragðsáætlun á árinu 2022.

### Faghópur KSÍ

Faghópur KSÍ var stofnaður í ágúst 2021 með það að markmiði að útbúa verkferla varðandi meðal annars kynferðisbrotamál sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Sú vinna var þegar farin af stað hjá vinnuhópi viðbragðsáætlana og breytti faghópurinn því um stefnu og fjallaði einna helst um hvernig sé hægt að stuðla að bættri menningu og viðhorfi innan knattspyrnuhreyfingarinnar í tengslum við jafnrétti og kynferðisbrot. Faghópurinn hittist alls sex sinnum á tímabilinu 3. september til 19. október og skilaði skýrslu af sér til stjórnar KSÍ þann 1. nóvember 2021.

### Þingsályktunartillaga um forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni

Jafnréttisstofa sem heldur utan um forvarnarstarf meðal barna og ungmenna gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni óskaði eftir því að samskiptaráðgjafi sinni hlutverki tengiliðs við íþrótt- og æskulýðshreyfingarnar. Voru tveir fundir haldnir haustið 2021 varðandi verkefnið.

### **Ferðir samskiptaráðgjafa**

Samskiptaráðgjafi hefur sinnt flestum sínum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu en hefur einnig ferðast um landið til að sinna málum. Annars hefur tæknin verið nýtt og mikið fundað í gegnum fjarfundabúnað.

Kynningarferð samskiptaráðgjafa krafðist mikilla ferðalaga vítt og breitt um landið. Þó var áhersla lögð á að samræma ferðir um hvern landshluta til að nýta hverja ferð sem best.

### **Mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2021**

Öllum tilkynningum til samskiptaráðgjafa er tekið alvarlega og eru allar skráðar í málaskrá. Eftir frekari upplýsingaöflun er tekin ákvörðun á málafundi um hvort mál tilheyri samskiptaráðgjafa eða hvort réttast sé að vísa málinu annað. Mál sem hafa borist samskiptaráðgjafa hafa verið afar fjölbreytt.

### Tegundir mála

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa á árinu 2021 hafa verið flokkaðar eftir því hvernig málin eru tilkynnt og falla þau í eftirfarandi flokka; eineltismál, líkamlegt ofbeldi, kynbundna- eða kynferðislega áreitni eða ofbeldi, samskiptavanda, óæskilega hegðun, leiðbeiningar og annað.

### Skýringar á flokkum

Mál sem flokkast sem „Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi“ eru allt frá því að vera óviðeigandi samskipti á netinu yfir í kynferðislegt ofbeldi. „Óæskileg hegðun“ eru mál sem oftast nær varða harðneskjulega framkomu eða þjálfunarhætti. Einnig fordómar og skild hegðun. Undir flokkinn „Annað“ falla ýmiskonar mál sem ekki flokkast vel undir aðra flokka. Þar má nefna andlega vanlíðan, samningsbrot eða lagaleg álitamál. „Leiðbeiningar“ varða oftast nær ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi siðareglur eða annars konar regluverk sem oftast viðkemur ekki einstaklingum eða stökum málum.

Þess má geta að mál berast samskiptaráðgjafa á ákveðnum forsendum eins og til dæmis einelti en reynist mögulega eftir nánari athugun ekki uppfylla þá skilgreiningu. Málið flokkast samt sem áður undir einelti í þessari talningu.

Hér má sjá tölfræði yfir þær tilkynningar sem bárust á árinu 2021:

	<b>Kynbundin- eða kynferðisleg áreitni eða ofbeldi</b>	<b>Einelti</b>	<b>Samskipta- vandi</b>	<b>Óæskileg hegðun</b>	<b>Annað</b>	<b>Ofbeldi</b>	<b>Leið- beiningar</b>
Fjöldi tilkynninga	30	13	11	10	8	4	3
Hlutfall af heild	38%	16%	14%	13%	10%	5%	4%

### Hverjir tilkynna málin?

Misjafnt er hverjir það eru sem tilkynna mál inn til samskiptaráðgjafa. Árið 2021 bárust 64% tilkynninga frá íþróttar- eða æskulýðsfélagi, íþróttahéraði, sérsambandi eða regnhlífarsamtökum og 36% tilkynninga bárust frá einstaklingum. Er hér hægt að sjá að félög og samtök eru að taka á þeim málum sem til þeirra berast og leita sér aðstoðar við að greiða úr þeim.

### Skipting aldurs og kyns

Rétt rúmlega helmingur mála sem bárust á árinu 2021 vörðuð börn, eða 55% og 35% mála sem vörðuð fullorðna einstaklinga. Ein 5% tilkyntra mála vörðuð bæði börn og fullorðna. Í 5% mála átti aldur ekki við.

Kynjahlutfall í heildarfjölda tilkyntra mála skiptist þannig að í 61% tilfella voru stúlkur/konur meintir þolendur. Hér er um að ræða alla flokka mála sameiginlega. Í 24% heildar tilfella voru drengir/karlar meintir þolendur og í 9% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir þolendur mála. Þess má geta að í 6% tilfella átti kyn ekki við.

Þá voru drengir/karlar meintir gerendur í 74% tilkyntra mála. Stúlkur/konur voru meintir gerendur í 10% mála og í 6% tilfella voru bæði þessi kyn tilkynnt sem meintir gerendur mála. Í 10% tilfella átti kyn ekki við. Áfram er hér fjallað um alla flokka mála.

### Skipting eftir landsvæðum:

	Höfuðborgar - svæði	Norðurland	Vesturland	Suðurland	Reykjanes	Austurland	Annað
Fjöldi tilkynninga	56	10	4	3	2	1	3
Hlutfall af heild	71%	13%	5%	4%	2%	1%	4%

Mál flokkuð „Annað“ hafa átt sér stað á öðrum en upptöldum stöðum þar með talið á internetinu.

### Staða mála


Samskiptaráðgjafi hafði lokið við eða lokaði 75% mála sem bárust á árinu 2021. Í eftirfylgd í lok árs 2021 var eitt mál (1%), það eru mál sem teljast leyst eða unnið úr og málsaðilum gefin tími til að hrinda tilmælum/úrbótum í framkvæmd. Í lok árs voru 24% mála enn í vinnslu á mismunandi stigum.

### Álit, umsagnir eða leiðbeiningar

Í vissum málum gefur samskiptaráðgjafi út álit, umsögn eða leiðbeiningar. Það er í málum þar sem formleg kvörtun berst og krefst frekari upplýsingaöflunar. Viðtöl eru tekin við bæði þann eða þau sem kvarta og þann eða þau sem kvartað er undan, auk annarra viðeigandi upplýsinga er aflað ef við á. Þá gefur samskiptaráðgjafi út álit sitt og leggur fram tillögur til úrbóta. Á árinu 2021 voru fjögur álit gefin út og tvö voru í vinnslu í lok árs.

### Tilkynningar á mánuði árið 2021

Fyrir utan tvo mánuði ársins þá bárust að meðaltali fimm tilkynningar á mánuði yfir árið 2021. Hinsvegar bárust 11 tilkynningar í september og 17 í nóvember. Erfitt er að segja til um hvað valdi þessum sveiflum milli mánaða en líklegt er að mikil fjölmiðlaumfjöllun haustsins um ofbeldi í íþróttastarfi hafi haft áhrif.





### Aukning í tilkynningum

Eðlilegt er að með aukinni vitneskju um starf samskiptaráðgjafa muni tilkynningum fjölga. Þó var ekki fyrir séð sú mikla aukning sem í raun varð. Fleiri mál virðast hafa borist seinni helming árs, eða 62% mála á móti 38% mála sem bárust fyrri helming árs.

### Önnur tölfræði

Þau mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2021 voru að mestum hluta til innan íþróttahreyfingarinnar eða 94%. Þá voru 6% tilkynninga sem komu frá æskulýðshreyfingum.

### **Verkefni ársins 2022**

Málavinnsla, vinna mál sem berast og bregðast við eins hratt og hægt er.

Áframhaldandi vinna við samræmingu viðbragðsáætlunar. Ljúka við efnið, setja það upp og koma áætluninni á framfæri við félög.

Áframhaldandi kynning á starfi samskiptaráðgjafa. Gefa út efni eftir kynningarferð. Leggja áherslu á að ná einnig til almennings.

Setja upp verkfærakistu á heimasíðu samskiptaráðgjafa. Setja upp gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar eins og varðandi ráðningu starfsmanna og hvernig skal sækja upplýsingar úr sakaskrá sem dæmi.

Hefja samtal um þörf á samræmingu siðareglna með hlutaðeigandi aðilum.